



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

Reykjavík 28. apríl 2023

Tilv.: IRN22050100/4.13.1

Innviðaráðuneytinu barst erindi Árna Örvarssonar (hér eftir vísað til sem málshefjanda), dags. 23. maí 2022, en af erindinu mátti ráða að kvartað væri vegna meintrar ólögmætrar stjórnarsýslu sveitarfélagsins Fjallabyggðar. Erindið var sett í þann farveg að ráðuneytið tók til skoðunar hvort tilefni væri til að taka stjórnarsýslu sveitarfélagsins til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, og hóf gagnaöflun vegna málsins á grundvelli 113. gr. laganna. Nánar tiltekið var kvartað vegna ákvörðunar sveitarfélagsins um að bjóða ekki út fjögur æðarvörp sem eru í eigu sveitarfélagsins heldur úthluta þeim til aðila sem áður höfðu sinnt dúntekju á umræddum svæðum.

Eftirlitshlutverki innviðaráðuneytisins með sveitarfélögum er lýst í XI. kafla sveitarstjórnarlaga. Þar kemur meðal annars fram í 1. mgr. 109. gr. að ráðuneytið hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélaga og því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Ráðuneytið hefur þó ekki eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélaga sem öðrum stjórnvöldum á vegum ríkisins hefur með beinum hætti verið falið eftirlit með, sbr. 2. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga. Eftirlit ráðuneytisins fer meðal annars fram með þeim hætti að ráðuneytið ákveður sjálf hvort tilefni er til að taka stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Taki ráðuneytið stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar getur ráðuneytið meðal annars gefið út álit eða leiðbeiningar um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélags á grundvelli 1. eða 2. tl. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Við mat á því hvort tilefni sé til að taka stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar lítur ráðuneytið til tiltekinna sjónarmiða sem fram koma í verklagsreglum sem birtar eru á vefsíðu ráðuneytisins, [www.irn.is](http://www.irn.is). Meðal þessara sjónarmiða eru hvort vísbendingar séu um að stjórnarsýsla sveitarfélags samrýmist ekki lögum, hversu miklir þeir hagsmunir eru sem málið varðar, hversu langt er liðið frá því atvik máls áttu sé stað, hvort sá sem ber fram kvörtun er kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og hversu mikil réttaróvissa ríkir á því sviði sem málið varðar, það er hvort þörf er á leiðbeiningum ráðuneytisins.

Þess skal getið að ráðuneytinu barst í máli þessu undirrituð og vottuð yfirlýsing málshefjanda frá lögmanni sveitarfélagsins þann 24. febrúar sl., þar sem ábending um meinta ólögmæta stjórnarsýslu sveitarfélagsins er afturkölluð og fallið er frá frekari aðkomu ráðuneytisins að málinu. Þrátt fyrir að ráðuneytið sé ekki bundið af kvörtun eða ábendingu borgara þegar lagt er mat á hvort tilefni er til að fjalla formlega um stjórnarsýslu sveitarfélags á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga, kemur það til skoðunar sem eitt af þeim sjónarmiðum sem ráðuneytið lítur til við slíkt mat, sbr. verklagsreglur ráðuneytisins sem getið er um að ofan, þ.e. hversu miklir þeir hagsmunir eru sem málið varðar. Það sem ráðuneytið telur þó skipta megin máli við mat á því hvort að fjalla beri formlega um stjórnarsýslu sveitarfélags, er hvort að vísbendingar séu uppi um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins hafi verið í

samræmi við lög.

Að mati ráðuneytisins kemur til skoðunar í máli þessu hvort að sveitarfélagið hafi gætt að jafnræði við ákvörðun sína um úthlutun gæða sveitarfélagsins. Umboðsmaður Alþingis, dómstólar og ráðuneyti sveitarstjórnarmála hafa bent á að af jafnræðisreglu stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar leiðir að úthlutun takmarkaðra gæða sveitarfélaga, sem eftirspurn kann að vera eftir og haft geta umtalsverða fjárhagslega þýðingu fyrir hlutaðeigandi, skal auglýsa með opinberum hætti þannig að öllum þeim sem áhuga hafa er gefinn kostur á að láta hann uppi, nema sérstök sjónarmið mæli því í móti. Slík auglýsing þarf ekki í öllum tilvikum að fela í sér útboð í hefðbundum skilningi þess orðs, þótt mikilvægt sé að skilmálar séu hverju sinni ljósir, sjá m.a. álit umboðsmanns Alþings frá 28. desember 2004 í máli nr. 5578/2005, dóm Hæstaréttar í máli nr. 162/2011, álit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 24. janúar 2020 nr. SRN18030116 og álit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 25. júní 2021 í máli nr. SRN19070041.

Ráðuneytið telur að í ljósi þess að málshefjandi hefur dregið til baka ábendingu sína um meinta ólögmeða stjórnsýslu sveitarfélagsins, sé ekki tilefni til að gera frekara mat á því hvort sveitarfélagið hafi uppfyllt framangreinda lagaskyldu sína í máli þessu. Í ljósi þess er það niðurstaða innviðaráðuneytisins að taka ekki stjórnsýslu sveitarfélagsins til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga og telst málinu því lokið af hálfu ráðuneytisins. Hins vegar bendir ráðuneytið sveitarfélaginu á að hafa þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin um jafnræði við úthlutun takmarkaða gæða sveitarfélagsins í huga við meðferð sambærilegra mála í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Fyrir hönd ráðherra

Aðalsteinn Þorsteinsson

Björn Ingi Óskarsson